



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Að túlka Hóras með Chekhov tækni

Arnar Hauksson

Lokaverkefni til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Sviðslistardeild

Vorönn 2022

Að túlka Hóras með Chekhov tækni

Arnar Hauksson

Lokaverkefni til BA-prófs í Leikarbraut

Leiðbeinandi: Guðmundur S. Brynjólfsson

LEIKARABRAUT

Sviðslistardeild

Vorönn Júní 2022

Ritgerð þessi er 16 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Leikarabrot við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður skoðað hvernig hægt er að nota leiktækni Michael Chekhovs til að túlka hlutverkið Hóras í leikverkinu *Hamlet* eftir William Shakespear sem sett var upp af 3. Ári leikarabrautar við Listaháskóla Íslands vorið 2022. Farið verður yfir, í mjög stuttu máli, greiningu á persónunni, þá erfiðleika sem gætu komið upp þegar verið er að túlka hana á sviði og persónulegar áskoranir við leikaravinnuna. Rýnt verður í tilgang persónunnar í verkinu í heild sinni og mögulegan uppruna nafnsins, Hóras. Eins er fjallað um söguna og áhrif persónunnar á hana. Megin atriði ritgerðarinnar fjalla um notkun leiktækni Michael Chekhovs og hans helstu hugtök, á borð við „ímyndaði líkaminn“, „Ímyndaða miðjan“ og „sálrænan gjörning“ sérstaklega tekin fyrir og útskýrð. Farið verður yfir hvernig hægt er að nota þessi verkfæri Chekhovs til þess að túlka persónur á sviði, hvaða áhrif þau hafa á leikarann, túlkunina, sviðsframkomu og heildarmynda og hvaða hindranir gætu mögulega átt sér stað í ferlinu. Þá er einnig farið yfir hvernig þessi tæki og tól geta nýst við áframhaldandi þróun eftir að æfingarferlinu lýkur og sýningar taka við. Að lokum verður greint frá því hvaða breytingar áttu sér stað og hvaða áhrif þær höfðu á leikarann, persónuna og tengsl hennar við aðrar persónur í verkinu sem og söguna í heild.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Hóras	6
1.1 Hvað gerir Hóras í verkinu?.....	6
1.2 Hvað táknar nafnið?	8
2. Chekhov Tækni	10
2.1 Ímyndaði Líkaminn.....	10
2.2 Ímyndaða Miðjan	11
2.2 Sálræn Gjörð.....	11
3. Að nýta mér tæknina	13
3.1 Próun	14
Lokaorð	15
Heimildaskrá.....	16

Inngangur

Við í nemendaleikhúsinu fengum það verkefni að setja á svið hið vel þekhta leikverk, Hamlet eftir William Shakespear. Persónan sem ég var valinn til að leika og túlka var Hóras, besti vinur Hamlets. Það er að mörguleiti krefjandi að finna út hvernig maður vill líkamna og túlka hlutverk og að mörgu er að hyggja. Textinn í handritinu gefur ákveðnar vísbendingar um persónuna, en hann segir ekki alla söguna. Vægið á bak við gjörðir persónunnar skiptir sköpum en á sama tíma þurfa gjörðirnar að vera í samhengi við það sem gerist í verkinu. Margir leikhúsfræðingar á borð við Stainslavski, Meisner og Stella Adler hafa þróað mismunandi leiktækni, kerfi og aðferðir sem hjálpa leikurum að nálgast hlutverk. Ég ákvað fyrir þetta leikverk að notast við leiktækni Michael Chekhov til þess að hjálpa mér að túlka persónuna Hóras og nýta þetta tækifæri til þess að öðlast betri færni í þeirri tækni og sjá hvað hún myndi gefa mér.

Þegar að ég nálgast persónuna sem ég er að fara leika þá finnst mér mikilvægt að taka saman allar þær upplýsingar sem maður fær frá henni í textanum. Oftast er þetta hvernig aðrar persónu lýsa persónunni sem ég leik, gjörðir persónunnar og allt sem hún segir og segir ekki. Ef að við skoðum Hóras í þessu ljósi þá er ekki mikið að finna. Það er aðeins ein persóna sem gefur einhverskonar lýsingu á Hóras og það er þegar að Hamlet er að hæla honum fyrir að vera tilfinningalega stöðugur og góður maður.¹ Fyrir utan það er nánast ekkert hægt að finna neitt í leikritinu um Hóras. Flest samskipti sem hann á við aðrar persónur í leikritinu er þegar fólk er að segja Hóras að fara – eða önnur þaðan af meira passív samskipti. Þannig að í rauninni er það mjög opið hvernig hægt er að leika Hóras. Þannig að ég þurfti að rýna aðeins betur í þetta til að fá svör: Hver er tilgangur Hórasar í *Hamlet*?

¹ *Hamlet*, þýð. Þórarin Eldjárn (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2020). Bls 97

1. Hóras

Í upprunalega handritinu sem handritið okkar var byggt á þá er Hóras hirðmaður Hamlets og hans besti vinur. Hann er eina manneskjan sem Hamlet í rauninni treystir fyrir sínum sönnu tilfinningum og hugsunum. Hóras er mjög hliðhollur Hamlet og svíkur hann ekki, hann stendur með Hamlet alveg til enda og fer jafnvel svo langt að hann er tilbúin til að fyrirfara sjálfum sér í stað þess að halda áfram að lifa án Hamlets. Einu skiptin sem Hóras mótmælir Hamlet er þegar hann samþykkir að skylmast við Laertes í lok leikritsins.²

En afhverju treystir Hamlet Hóras fyrir svo miklu og því er þetta mikla traust? Þrátt fyrir að Hóras sé mjög traustur vinur þá eru aðrar persónur í þessu verki sem hann hefði geta opnað sig fyrir og treyst eða hvað? Gæti hann ekki alveg eins treyst móður sinni eða kærustu sinni Ófelíu fyrir hugsunum sínum og vangaveltum? Þegar Hamlet fréttir frá vofunni að faðir hans hafi verið myrtur af Kládíusi þá kemur yfir hann ákveðin paranoia. Hann veit að Kládíus er morðinginn en hann veit ekki hvort hann hafi staðið einn að verki, eða hvort Gertrúd hafi átt í hlut eða Ófelía – eða bara hver sem er. Það virðist vera frá hans sjónarmiði að nánast allir séu tilbúnir að gleyma Hamlet eldri og fagna nýja konungsveldinu. Konungsveldi sem hefði í raun átt að vera Hamlets. Það sem gerir Hóras traustsins virði í augum Hamlets er að hann stendur með honum í sorginni, er traustur vinur og er á ný mættur á svæðið. Kemur heim úr háskólanum í Þýskalandi, Hamlets vegna. Þá hefði Hóras ekki getað verið partur af þessum svikarvef vegna þess að hann var að stunda nám í Wittenberg á tímanum sem svikin eiga sér stað. Þess vegna getur Hamlet lagt allt sitt traust á Hóras.

1.1 Hvað gerir Hóras í verkinu?

Í upprunalega verkinu sem handrit okkar í Nemendaleikhúsinu er byggt á þá er Hóras sá sem leiðir Hamlet að drauginum. Hann hvetur Hamlet til að tala við drauginn. Hann styður við Hamlet og fær hann til að opna sig um raunverulegar tilfinningar sínar. Hann staðfestir grun Hamlets um að frændi hans hafi myrt Hamlet eldri þegar að þeir fylgjast með

² *Hamlet*, þýð. Þórarin Eldjárn. Bls. 194

Kládíusi horfa á leiksýninguna. Hann segir sögu Hamlets við Fortinbras og bjargar þannig mannorði Hamlets eftir að nánast allir í verkinu hafa dáið. En með handritinu sem var útfært fyrir lokaverkefnið, þá vantar heilmikið af þessu plotti. Hóras getur ekki farið að láta Hamlet vita af draugnum, vegna þess að Hamlet sjálfur kallar hann fram. Þannig að Hóras hvorki leiðir Hamlet að draugnum, né hvetur hann til að tala við hann. Þessar staðreyndir veikja persónu Hórasar óumdeilanlega – en um leið verður meiri áskorun að koma á framfæri, í leiktúlkun, þessum sterka vinskapi.

Hóras vissulega fylgist með Kládíusi og staðfestir grun Hamlets um að frændi hans hafi myrt kónginn. En þar sem Fortinbras er ekki í þessari útgáfu, þá nær Hóras ekki að bjarga mannorði Hamlets með að segja honum söguna af Hamlet, heldur lætur Hóras Hamlet vita að hann sá allt sem hafði gerst. Þetta að miklu leyti tekur í burtu þá þyngd sem Hóras hefur í *Hamlet*.

Þessi staða varð mikil áskorun fyrir mig sem leikara, vegna þess að mér leið að miklu leyti eins og í þessari útgáfu af *Hamlet* væri Hóras óþarfur, að það væri mjög auðveldlega hægt að taka Hóras út úr sögunni og sagan myndi lítið sem ekkert breytast eða jafnvel vera aðeins betri. Hóras hefði þannig séð lítil áhrif á framgang sögunnar. Hann hafði aldrei nein bein áhrif á leikritið á neinn hátt, allar hans samræður við Hamlet voru annað hvort eintöl hjá Hamlet, þar sem textanum var skipt á milli eða þá stuðningur við eintal hjá Hamlet. Hóras lætur lítið í ljós skoðun sína, hann stendur að mestu leyti til hliðar, fylgist með og lætur Hamlet vita í lok verksins að hann hafi fylgst með öllu sem hafði gerst.

„There are no small parts, only small actors“

Þetta er frasi sem ég þurfti að minna mig á nokkur skipti í gegnum ferlið. Þetta er ákveðinn klisja sem hefur verið sögð oft og mörgum sinnum. Stanislavski átti að hafa sagt þetta en ég fann engar áreiðanlegar heimildir fyrir því. Auðvitað eru til hlutverk sem eru stærri en önnur í þeim skilningi að það séu til aukahlutverk og aðalhlutverk en það er ekki það sem þessi frasi á við. Hann á við að öll hlutverk í leikritinu eru mikilvæg til að búa til heildarmyndina, allir þurfa að vera 100% inn í verkinu til þess að halda uppi leikritinu. Þannig að ég þurfti að finna fyrir mig, hver er tilgangurinn með Hóras? Fyrir hvað stendur Hóras?

Það allra mikilvægasta sem Hóras gerir í verkinu er að hann tengir Hamlet við áhorfendur. Eins og ég var búinn að nefna þá er Hóras sá eini sem Hamlet treystir til að leggja á borðið tilfinningar sínar. Hóras sem sagt er gluggi fyrir áhorfendur inn í sál Hamlets og þetta er nauðsynlegt fyrir verkið í heild sinni vegna þess hvers eðlis Hamlet er. Hann er vissulega aðal söguhetjan og áhorfendur þurfa að finna til með Hamlet til þess að þetta sé harmleikur. Hamlet hagar sér ekki eins og engill í gegnum verkið, langt því frá hann kemur mjög illa fram við vini sína, kærustu og móður. Hann þykist vera í geðrofi eða er í geðrofi (fer eftir því hvernig þú túlkar verkið) og stingur ráðsman konungs til bana, steypir Ófelú í sturlun sem endar með sjálfsmorði, lætur drepa Gullinstjörnu og Rósinkrans og gerir lítið úr Laertes á meðan hann syrgir systur sína. Ekkert af þessu eru góðir hlutir, hann kemur mjög illa fram við alla sína nánustu fyrir utan Hóras.

Og hér liggur einmitt afar mikivægt atriði: Við sjáum innri mann Hamlets þegar að hann er að tala við Hóras og þá og aðeins þess vegna sjáum við að Hamlet er brotinn en góð manneskja, veiklundaður en besti drengur inn við beinið. Þannig að þegar að Hamlet deyr í lokinn þá er það ekki léttir, heldur harmur. Það er líka nauðsynlegt að Hóras sé túlkaður sem rökhyggjan og traustur vinur í verkinu og sem jafningi Hamlets til þess að áhorfendur treysti því sem er að gerast á sviðinu, hann er þarna t.d. til að staðfesta fyrir áhorfendum að draugurinn sé raunverulegur en ekki bara ímyndun. Því það gæti alveg eins verið auðvelt að afskrifa svo margt í verkinu sem geðbilun Hamlets ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Hóras er birtingarmynd skynseminnar, og það sem Hóras sér, skynjar eða skilur, er raunverulegt. Því verður það einnig, að vegna þess að Hóras treystir Hamlet og finnur til með honum, þá fá áhorfendur samkennd með Hamlet í gegnum Hóras.

1.2 Hvað táknar nafnið?

Nafnið Hóras er ekki tilviljunarkennt. Það hafa verið gerðar tengingar milli fornrómverska skáldsins Hóratíus, stundum kallaður Hóras, og persónurnar í leikritinu. Shakespeare meira að segja vitnar í verk Hóratíusar í *Hamlet*.³ Auk þess nefnir Hóras í lok verksins að hann sé „frekar fornrómværji en Dani“ sem er vísun í forn rómverska skáldið Hóratíus. En afhverju

³ SIDER JOST, JACOB. „HAMLET'S HORATIO AS AN ALLUSION TO HORACE'S ODES“, *Notes and Queries Advance Access* (Oxford University press, janúar/2012) bls.1

að vitna í þetta skáld? Það er hægt að túlka þetta á þann veg að Hóras er sá sem segir söguna af Hamlet, hann er skáldið að verkinu – nánast höfundur þess, í það minnsta málpípa höfundar. Það er ein túlkunarleiðin.

Önnur er að Hamlet biður Hórasum að halda áfram í gegnum táradalinn og segja hans sögu. Þannig er hægt að túlka Hóras sem sögumanninn, þann sem stendur fyrir utan söguna og sér allt eiga sér stað en er valdalaus gagnvart því að breyta henni. Önnur túlkun á nafni Hórasar, sem ýtir að einhverju leiti undir fyrri túlkunina, er sú að nafnið hans á ensku, Horatio, er vitnun bæði í rökhyggju (ratio) og ræðumaður (orator).⁴ Rökhyggjan gefur til kynna hvernig persóna hann er, hann rýnir í hlutina og er ekki þræll tilfinninga sinna. Hamlet meira að segja hrósar honum fyrir þennan eiginleika.⁵ Þessi stóismi einkennir Hóras sem persónu. Hann fær ekki sömu tilfinningarsveiflur sem einkenna Hamlet og það er eitthvað sem Hamlet þykir aðdáunarvert í hans fari. Það að nafnið hans Hórasar sé vitnun í ræðumanninn (Orator), eða þann sem segir frá, er þá líka vísun í að hann sé sögumaðurinn. Hann er sá sem heldur áfram með sögu Hamlets og segir hana svo að nafnið Hamlets verði ekki ætíð flekkað.

⁴ Rokem, Freddie. *Philosophers and Thespians: Thinking Performance* (USA: Stanford University Press, 2010) bls.64

⁵ *Hamlet*, þýð. Þórarín Eldjárn. Bls.97

2. Chekhov Tækni

Chekhov var einn af nemendum Stanislavski og var meðal annars talinn hans besti. En hann þróaði leiklistaraðferðir sínar í aðra átt en Stanislavski. Á meðan Stanislavski lagði mikla áherslu á tilfinningalegt minni (e. *emotional memory*) þar sem leikarinn leitar í sitt eigið sálarlíf til að finna þær tilfinningar sem samsvara tilfinningu persónunnar til að leika það á sviði.⁶ Þá lagði Chekhov meiri áherslu á líkamlegt minni (e. *physical memory*) en þá notarðu líkamann þinn til að vekja upp ákveðnar tilfinningar sem samsvara tilfinningum persónunnar. Kosturinn við líkamlega minnið fram yfir tilfinninga minnið er sá að tilfinningabrunnurinn á það til að þorna upp. Það eru bara ákveðið mörg skipti sem þú getur grátið yfir því að þú misstir hundinn þinn þangið til að þú kemst yfir það – og hvað þá? Á meðan líkamlega minnið notast við ímyndunaraflið og sá brunnur er tæknilega séð óendanlegur. Chekhov var líka á móti því að nota tilfinningar leikarana, hann taldi það hættulegt og að áherslan ætti að vera lögð á tilfinningar persónunnar en ekki tilfinningar leikarans.

2.1 Ímyndaði Líkaminn

Chekhov leggur mikla áherslu á ímyndunaraflið og að virkja það til að búa til persónu á sviði. Hann vildi að leikarar myndu nýta ímyndunaraflið til að klæða sig í persónuna, í stað þess að lifa sem hún. Hlutverkið átti að spretta frá sköpunarkrafti leikarans og hann átti að ímynda sér líkama persónunnar á sama stað og leikarinn var staðsettur og leyfa þeirri ímyndun að hafa áhrif á sig.⁷ Leikaranum er þannig gefið tækifæri til að leika sér og ímynda sér hvernig hann sér hlotningu persónunnar og máta sig við hana. Það sem gerist við þetta er að holning leikarans tekur á sig eiginleika persónunnar á mjög einfaldan hátt. Í stað þess að hugsa um hvern og einn eiginleika fyrir sig, eins og hann er hærri en ég, minni rass, stærri fætur o.s.frv. Þá er hægt að búa til eina einfalda myndi sem inniheldur allt þetta og klæða sig í hana. Þetta kemur í veg fyrir það að leikarinn hugsi of mikið um holningu persónunnar og líkamnar hana í staðinn. Það er heldur ekki nauðsynlegt að ímyndaði líkaminn sé á einhvern hátt „raunveruleg manneskja“. Þú getur verið með hlutfallslega allt

⁶ Hodge, Alison. *Actor Training* (USA: Routledge, 2010) bls.10

⁷ Chekhov, Michael. *To the Actor* (USA: Martino Publishing, 2014) bls.87

of stórar fætur, kannski eru hendurnar teygjanlegt slím eða kannski ertu ljósastaur með Salvador Dalí-skegg. Möguleikarnir eru endalausir eins lengi og þeir gefa þér eitthvað fyrir hlutverkið. Á sama hátt og enginn ein nóta á píanói er fölsk en verður fölsk í samhengi við tónverkið, þá snýst þetta allt um samhengi, ef það gefur fagurfræðilegan samhljóm, þá er það nóg.

2.2 Ímyndaða Miðjan

Ímyndaða miðjan (e. *imaginary center*) er ákveðin orkumiðja sem leiðir hreyfingar persónunnar þinnar.⁸ Það er gott að byrja á að ímynda sér orkubolta í miðjunni á bringunni sinni sem leiðir allar hreyfingar persónunnar en þetta er eitthvað sem Chekhov kallaði „the ideal body“.⁹ Ekki vegna þess að þetta er besta líkamsbeytingin fyrir allar persónur heldur af því að þessi staða gefur leikaranum mesta frelsið í hreyfingu. Þetta er mjög opin staða og ætti að gefa leikaranum eins mikla hreyfigetu og mögulegt er. En þegar leikarinn býr svo til persónu, þá getur hann skoðað og breytt hvar ímyndaða miðjan er. Miðjan gæti verið í hendinni, rassinum, hnjúnum eða jafnvel bara undir nöglinni á litlu tá. Líkt og með ímyndaða líkamann, þá getur ímyndaða miðjan tekið hvaða form sem er og það fer alveg eftir vali listamannsins. Til dæmis getur risastór útblásinn eldbolti sem ímynduð miðja, gefið þér allt annað en lítið svarthol. Ímyndaða miðjan, þarf ekki endilega að vera í persónunni, hún getur verið fyrir utan persónuna í hlutum eða öðrum persónum þess vegna.

2.2 Sálræn Gjörð

Ein af mikilvægustu verkfærunum hans Checkovs fyrir leikarann er sálræn gjörð (e. *psychological gesture*). Það getur verið svolítið erfitt að útskýra í stuttu máli hvað nákvæmlega þetta er, en mér finnst Allison Hodge ná að taka það vel saman hér: „The psychological gesture (PG) is a means of expressing the entire character in condensed physical form through an intuitive grasp of the characters main desire.”¹⁰

⁸ Chekhov, Michael. *To the Actor*.bls 7

⁹ Chekhov, Michael. *To the Actor*.bls 8

¹⁰Hodge, Alison. *Actor Training*,bls.72

Það má þá segja að sálræn gjörð tekur mjög flókna og margslungna persónu og allt hennar innra líf og gerir það að einni gjörð sem fyllir leikarana af innri drifkrafti sem hann þarf til að líkamna hlutverkið. Þótt það sé rosalega gott að rýna í texta og finna vilja persónunnar og stóra ásetninginn hennar og greina leikritið alveg í gegn þá getur það haft þær afleiðingar að leikarinn festist svolítið í höfðinu á sér. Hann getur ekki farið á svið hugsandi um innra líf, drífandi forsendur, hindranir og allt það á meðan hann er að leika. Þannig að það með því að nota sálræu gjörðina, þá setur þú viljann í líkamann, í stað þess að setja hann í höfuðið. Dæmi um þetta er þegar þú hefur persónu sem hefur þann vilja að brjóta niður mótaleikara sinn, þá getur hann notað ímyndunaraflið sitt til að sjá fyrir sér brjóta niður spýtu með höndunum, kannski notar hann ekki hendurnar heldur tekur spýtuna með höndunum brýtur hana með hnéinu, eða notar ímyndaða sleggju til að brjóta spýtuna. Kannski er þetta ekki spýta, heldur steypuklumpur, frauðplast eða gler. Allt eru þetta mismunandi leiðir til að brjóta eitthvað niður. Það er ekkert eitt rétt svar um það hvernig á að gera það og hver og ein leið til að brjóta niður gefur leikaranum mismunandi eiginleika sem hann tekur með sér inn í persónuna. Ekkert er rétt eða rangt, þetta snýst um að finna þá eiginleika sem þér finnst passa best fyrir persónuna og gefnu kringumstæðurnar. Þrátt fyrir að sálrænn gjörningur sé notaður til að setja stóra ásetninginn í líkamann, þá er líka hægt að nota sálrænan gjörning í ákveðnum atriðum, í ræðum eða til að búa til andrúmsloft.

3. Að nýta mér tæknina

Þegar að ég skoða hvernig ég vil túlka persónu, þá finnst mér mikilvægt að fara yfir allar þær upplýsingar sem ég hef um hana. Ég reyni svo að nota þessar upplýsingar til að sjá fyrir mér hvernig ímyndaði líkaminn (e. *imaginary body*) hennar er. Á sama tíma set ég ímynduðu miðjuna (e. *imaginary center*) á þann stað sem hentar. Þegar að ég skoðaði Hóras, þá sá ég fyrir mér mjög meðvirkan einstakling, hann var stöðugt að passa upp á að allir aðrir voru í góðu lagi án þess að hugsa um sinn eigin hag. Hann er hirðmaður í konungsveldi þar sem hann veit að konungurinn hefur látið drepa Hamlet eldri til þess að ræna drottningunni og konungsríkinu. Hann veit að aðstæðurnar sem hann er búinn að koma sér í eru stórhættulegar en hann heldur áfram að vera til staðar fyrir vin sinn Hamlet. Hann er menntamaður og eins og kom fram áðan, rökhyggja verksins. Ég sá fyrir mér fyrst að orkumiðjan hans væri í hausnum á honum, að hann væri mikil hugsuður, djúpvitur. Alltaf að velta fyrir sér hugmyndum og að miklu leyti innhverfur. Þetta gaf mér mikið en á sama tíma var þetta að einhverju leyti heftandi.

Gallinn var sá að ég fór að leita of mikið inn á við og var þá ekki nægilega opin gagnvart mótleikaranum. Til þess að komast hjá þessu var nauðsynlegt fyrir mig að finna fyrir ímyndaða líkamanum og miðjunni en um leið og ég steig inn í senuna, að sleppa taki á allri þeirri vinnu og leyfa mótleikaranum að hafa áhrif á mig.

Sálræna gjörðin sem ég valdi fyrir Hóras til að byrja með var að lyfta viðkvæmu glerglasi. Þetta fékk ég frá greiningu minni af Hóras vegna þess að hann sem persóna segir ekki mikið en stendur á hliðarlínunni til að lyfta Hamlet upp. Hann vil gera allt fyrir Hamlet og er meira að segja tilbúinn að taka sitt eigið líf í stað þess að lifa án hans. Ástæðan fyrir því að þetta var glas frekar en hvað annað, var vegna þess að Hamlet mjög brothætt sál og óstöðugur. Það er lítið gefið til kynna í textanum hvernig Hóras líður með allt sem gerist í leikritinu. Hann stendur að mestu leiti og hlustar og fylgist með. En af því að hann mótmælir Hamlet nánast aldrei, þá gefur það til kynna að hann annaðhvort er samþykkuur því sem Hamlet er að gera, eða þá að hann er of hræddur til að mótmæla. En þar sem upprunalega verkið gefur til kynna að þeir séu miklir vinir og það sé sameiginleg virðing á milli þeirra, þá virtist það vera við hæfi að túlka Hóras sem stuðningsríkan vin frekar en hræddan þræl. Mér fannst það að hafa glasið úr gleri skipta miklu máli, ekki bara af því að

það táknaði fyrir mig innra líf Hamlets, heldur líka vegna þess að það gerði Hóras varkáran þegar að ég var að túlka hann. Í heimi þar sem er verið að svíkja mann og annan, stinga menn í bakið og eitru fyrir kóngum, þá getur verið hentugt að láta lítið fyrir sér fara svo maður lifi af, sem er nákvæmlega það sem hann gerir.

3.1 Þróun

Því meiri tíma sem að ég varði í að rannsaka Hóras, byrjaði túlkunin mín að þróast. Hann var of lítill, að mínu mati. Ég byrjaði að sjá að þrátt fyrir að hann væri til staðar til að styðja Hamlet þá var hlutverkið hans stærra en það. Hann vildi ekki einungis styðja Hamlet heldur verja hann, Hóras er verndarengill Hamlets. Hann vill gera allt til að verja prinsinn frá ógn, hvort sem sú ógn er frá utanaðkomandi aðilum eða frá Hamlet sjálfum. Ég byrjaði að taka eftir því að Hamlet kom sér aldrei í voða, nema þegar að Hóras var ekki til staðar. Hann beitir bæði móður sína og Ófelíu andlegu ofbeldi og drepur óvart Póluníus þegar Hóras er ekki til staðar. Hóras passar upp á Hamlet án þess að hann taki jafnvel eftir því. Með þetta í huga, byrjaði ímyndaði líkaminn minn að þróast, ég fann fyrir miklu meiri stærð og ég prófaði að setja á hann vængi, það gaf mér ákveðna opnun sem ég hafði ekki fundið fyrir áður. Ég var móttækilegri fyrir áhrifum mótleikarans og jarðbundnari. Ég áttaði mig líka á að miðjan mín var ekki höfðinu á mér, það átti ekki við þessa túlkun, heldur var miðjan mín í Hamlet. Ég hreyfðist með Hamlet og það styrkti okkar samband gífurlega mikið og sambandið á milli Hamlets og Hórasar þarf að vera sterkt til þess að það sé ástæða fyrir Hóras að vera þarna, vegna þess að annars myndi Hóras bara fara þegar að hlutirnir yrðu svona hættulegir. Sambandið þarf að vera svo sterkt að Hóras sé tilbúin til þess að deyja frekar en halda áfram án Hamlets og það er enginn tenging jafn sterk og ástin. Hóras elskar Hamlet skilyrðislaust og það er þess vegna sem það var við hæfi að setja miðjuna hans Hórasar í Hamlet. Ég fann fyrir áhrifum miðjunnar og hvernig hún geislaði frá Hamlet. Þetta hafði líka að sjálfsögðu áhrif á sálrænu gjörðina mína. Gjörðin fór frá því að lyfta glerglasi yfir í að taka utanum og faðma með höndum og ímynduðu vængjum, risastórt volgt egg. Þetta gaf mér einhverskonar kærleikstilfinningu og veitti mér hlýju sem smitaðist yfir í sambandið hjá mér og Hamlet.

Lokaorð

Það kom mér á óvart hvað Checkov tæknin gaf mér mikið í þessu ferli. Ég hafði áður fyrr prófað að leika mér smá með hana, en þetta var í fyrsta skipti sem ég fann sterka tenginu við hana. Hún hjálpaði mér að nálgast hlutverkið á annan hátt en ég hef gert vanalega. Það var meiri leikgleði og frelsi í því að teikna þessa ímynduðu líkama og klæða sig í þá. Ég notaði sálrænu gjörðirnar fyrir svo miklu meira en bara heildar ásetninginn.

Það hefði verið auðvelt fyrir mig að líta á Hóras sem fremur fábrotið og óáhugavert hlutverk sem þyrfti ekki mikla vinnu til að túlka, þar sem stór partur af viðveru hans á sviðinu fer í að hlusta á aðrar persónur. Hinsvegar komst ég fljótt að því að það krefst heldur betur mikils af manni að veita öðrum fullkomna hlustun á sviðinu, halda sviðsorkunni uppi og vera með sterka sviðsframkomu. Allar persónur sama af hvaða stærðargráðu og sama af hverslags toga sviðsvera þeirra er, hafa bein eða óbein áhrif á söguna í heild og það er það sem leikarinn þarf að huga að, sagan sem verið er að segja. Hóras er langt í frá að vera einföld persóna og krafðist af mér að þurfa að rýna enn frekar í hana þar sem fáar upplýsingar um hana eru gefnar, eða svo virðist við fyrstu sýn. Vinnu leikarans er ekki lokið fyrr en að sýningum lýkur og því skipti það mig öllu máli að ég fékk tækifæri til þess að þróa persónuna mína áfram með áhorfendum. Þar lá nefnilega krafturinn og töfrarnir sem fleyttu mér áfram og hjálpuðu mér að kafa dýpra. Ég hætti ekki að skoða, rannsaka og prófa mig áfram þar til ég fann það sem virkilega virkaði og þá hélt ég áfram að leita innan þess. Það sem ég tek með mér úr þessu ferli er hversu öflug leiktækni Checkovs er, sem skilaði sér í leikgleði, sterku ímyndunarafli og sköpunargleði sem gerði hlutverkið virkilega áhugavert, spennandi og áhrifameira en ég þorði að vona í byrjun og það er nákvæmlega það sem leiklist á að snúast um.

Heimildaskrá

Chekhov, Michael. *To the Actor*. USA: Martino Publishing, 2014.

Hodge, Alison. *Actor Training*. USA: Routledge, 2010.

Rokem, Freddie. *Philosophers and Thespians: Thinking Performance*. USA: Stanford University Press, 2010.

Shakespeare, William. *Hamlet*, þýtt af Þórarín Eldjárn. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2020.

Sider Jost, Jacob. „*Hamlet's* Horatio as an Allusion to Horace's Odes“, *Notes and Queries Advance Access*. Oxford University press, janúar/2012.